

**Viðtakandi:**

Stjórn Gildis – lífeyrissjóðs  
Guðrúnartúni 1  
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2021

**Efni:** Áskorun um frumkvæði að óháðri rannsókn á viðskiptum við Init ehf.

Ágætu stjórnarmenn í Gildi - lífeyrissjóði.

Á síðustu misserum hefur komið upp umræða í stjórn Eflingar - stéttarfélags og meðal stjórnenda félagsins um viðskipti Eflingar og Gildis við fyrirtækið Init ehf., sem þjónustar og rekur iðgjaldaskráningarkerfið Jóakim.

Í umjöllun um ársreikning Eflingar vorið 2020 sköpuðust umræður í stjórn félagsins um háan kostnað við skráningarþjónustu iðgjalda sem rekja má til notkunar félagsins og Gildis á þjónustu Init. Af því tilefni gerði Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, óformlega athugun á ársreikningum Init og fyrirtækisins Init-rekstur ehf. Viðar hafði áður, sumarið 2018, fengið vitneskju í samtali við framkvæmdastjóra Init um tilvist fyrirtækisins Init-rekstur og viðskipti þess við Init. Fyrirtækin Init og Init-rekstur eru bæði í eigu starfsmanna Init.

Athugun Viðars snemmsumars 2020 leiddi í ljós að á árabílinu 2016-2019 hefur Init greitt árlegan kostnað á bilinu 110-240 milljónir undir liðnum „aðkeypt þjónusta“. Virðist sem stór hluti þeirra upphæða hafi farið til Init-rekstrar sem á sama tímabili hefur árlega fært til bókar „selda þjónusta“ fyrir upphæðir á bilinu 135-165 milljónir árin 2015-2018. Frá árinu 2013 hafa þó engin ársverk og ekkert starfsmannahald verið í Init-rekstri. Init-rekstur greiddi á tímabilinu 2015-2018 út arð sem nemur á bilinu 82-116 milljónir á ári til eigenda. Samanlagðar arðgreiðslur út úr fyrirtækjunum Init og Init-rekstur á tímabilinu 2013-2018 nema rúmlega 782 milljónum sem dreift hafa á 10-12 starfsmenn Init.

Viðar óskaði eftir og átti fund með Árna Guðmundssyni framkvæmdastjóra Gildis þann 19. júní 2020 til að ræða ofangreindar upplýsingar sem Viðar taldi að ættu mikið erindi við Gildi. Gildi er í gegnum Reiknistofu lífeyrissjóðanna (RL) einn af eigendum Jóakim-kerfisins og í hópi stærstu þjónustukaupa af Init ásamt öðrum lífeyrissjóðum. Í kjölfar fundarins með Árna sendi Viðar honum samantekt í tölvupósti ásamt fylgiskjali með yfirliti upp úr ársreikningum Init og Init-rekstrar.

Rekstrarhættir Init hafa vakið spurnir víðar en hjá stjórn og stjórnendum Eflingar. Fréttaskýringarþátturinn Kveikur á RÚV er með fyrirtækið til umfjöllunar og hefur viðtal verið tekið við framkvæmdastjóra Eflingar um það. Fram hefur komið í samtölum Viðars við umsjónarmann Kveiks að ársreikningar Init hafi ekki verið endurskoðaðir og að arðgreiðslur hafi runnið til starfsmanna í gegnum fleiri fyrirtæki en Init-rekstur. Samkvæmt umsjónarmanni Kveiks barst þættinum vitneskja um starfshætti Init í gegnum skýrslu sem unnin var fyrir hönd aðila sem vildi meta vænleika þess að kaupa fyrirtækið. Í þeirri skýrslu hafi ofangreindir viðskiptahættir komið í ljós og orðið til þess að væntanlegur kaupandi hvarf frá kaupum. Í síðustu viku barst svo tilkynning frá Init til

viðskiptamanna fyrirtækisins um að Garðar Jóhannsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, hafi látið af störfum að eigin ósk.

Umsjónarmaður Kveiks hefur jafnframt sagst hafa heimildir fyrir því að samningur sá sem Init gerir við RL um rekstur og viðhald Jóakim-kerfisins sé svokallaður „cost-plus“ samningur. Slíkir samningar fela í sér að greiðslur fyrir þjónustu eru ákvarðaðar í hlutfalli við útlagðan kostnað verksala, að viðbættu álagi. Sé þetta rétt vaknar sú spurning hvort starfsmenn Init hafi sett upp sýndarviðskipti við Init-rekstur og hugsanlega fleiri fyrirtæki í þeim tilgangi ýkja rekstrarkostnað, og blekkja þannig þjónustukaupendur til að greiða hærri upphæðir en ella fyrir umsamda þjónustu. Þetta styðja gögn úr ársreikningum þar sem kostnaður Init vegna svokallaðrar „aðkeyptrar þjónustu“ virðist ekki endurspeglar raunveruleg viðskipti heldur aðeins vera yfirvarp til að fjármagna stórtækar arðgreiðslur. Framkvæmdastjóri Eflingar hefur óskað eftir aðgangi að umræddum samningi RL við Init en verið neitað um það.

Stjórn Eflingar bendir á að stéttarfélag og lífeyrissjóðir greiða árlega verulegar upphæðir til Init vegna notkunar á Jóakim kerfinu. Kerfið var á sínum tíma smíðað innan veggja lífeyrissjóðakerfisins. Miklar og ómissandi upplýsingar um iðgjaldasögu einstaklinga langt aftur í tímann liggja í kerfinu, og er það notað við útreikning á reglulegum lífsnauðsynlegum greiðslum úr bæði lífeyrissjóðum og sjóðum stéttarfélaganna sem um hefur samist í kjarasamningum. Greiða þarf fyrir svo verðmæta þjónustu en á sama tíma er það skýlaus krafa að greiðslur séu innan eðlilegra marka, í samræmi við góða viðskiptahætti og í samræmi við forsendur gerðra samninga. Jafnframt er það eðlilegt að rökstuddum efasemdum, sem rannsóknarblaðamenn sjá ástæðu til að fjalla um, sé svarað að fullu án undanbragða og með gagnsæi að leiðarljósi. Tugþúsundir sjóðfélaga og launafólks sem greiða til hlutaðeigandi stéttarfélaganna og lífeyrissjóða eiga heimtingu á því.

Stjórn Eflingar telur óhjákvæmilegt að allar upplýsingar og gögn sem varða samninga og viðskipti Init við RL, lífeyrissjóði og stéttarfélag verði lögð á borðið gagnvart öllum þeim þjónustukaupendum sem greitt hafa stórar fjárhæðir til Init á síðustu árum. Leggja þarf mat á það hvort farið hafi verið eftir þeim lögum, reglugerðum og tilmælum sem við eiga og hvort að Init hafi í reynd farið eftir fyrirliggjandi samningi við RL. Leggja þarf mat á hvort viðskiptahættir allra hlutaðeigandi aðila hafi verið góðir og eðlilegir. Leggja þarf mat á hvort að þjónustukaupendur Init eigi hugsanlegan rétt á endurgreiðslum vegna þess að forsendum hafi verið hagrætt við smíði gjaldskrár. Eftir atvikum þarf að leggja mat á hvernig megi koma þjónustu við Jóakim kerfið í betra horf, þannig að greiddur sé eðlilegur kostnaður fyrir hana um leið og full virkni kerfisins er tryggð.

Stjórn Eflingar leggur hér með fram áskorun til stjórnar Gildis um að hún beiti sér fyrir óháðri rannsókn þar sem fjallað verði um ofangreind álitæfni. Eftir atvikum verði leitast eftir samstarfi við aðra stærstu þjónustukaupendur Init um rannsóknina. Óháðum, utanaðkomandi fagaðilum verði falið að annast rannsóknina og verði niðurstöður hennar kynntar hlutaðeigandi aðilum.

Er erindi þetta sent í samræmi við umræður og meirihlutaákvörðun á fundi stjórnar Eflingar – stéttarfélags þann 8. apríl sl.

Fyrir hönd Eflingar – stéttarfélags,

Sólveig Anna Jónsdóttir  
formaður